



# Ársskýrsla Rótarinnar 2015

**Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda**

**Kt. 500513-0470**

**Vefsíða: [www.rotin.is](http://www.rotin.is)**

**Facebook: [www.facebook.com/rotin.felag](http://www.facebook.com/rotin.felag)**

**Netfang: [rotin@rotin.is](mailto:rotin@rotin.is)**

**Höfundur: Kristín I. Pálsdóttir**

## Efnisyfirlit

Ávarp talskonu .....	2
Ráð Róttarinnar .....	2
Starfsemin á árinu .....	2
Umræðukvöld .....	2
Viðburðir og heimsóknir .....	4
Erindi .....	5
Verkefni .....	5
Styrkir .....	6
Greinar og fréttir .....	6
Áherslur og baráttumál .....	8
Valdeflandi meðferð og gæðaviðmið .....	8
Skráning atvika .....	9
Hagsmunir barna og ungmenna .....	9

## Ávarp talskonu

Öðru starfsári Róttarinnar er lokið, árið hefur verið viðburðaríkt, umræðukvöld hafa verið haldin reglulega, ráðskonur hafa skrifað greinar og sent erindi til yfirvalda, gert athugasemdir við frumvörp og heimsótt stofnanir og sérfræðinga. Síðast en ekki síst höfum við fengið vel þegnar viðurkenningar og styrki á árinu.

Umræðukvöldin hafa reynst mikilvægur vettvangur til að ræða saman og fræðast um ýmsar hliðar fíknivanda kvenna og tengd málefni. Við höfum fengið til okkar mikinn fjölda sérfræðinga sem allir hafa gefið okkur sína vinnu og margir þeirra eru ómetanlegur stuðningur við félagið, veita okkur ráðgjöf og annan stuðning.

Fræðslusjóður Róttarinnar var stofnaður hér í Kvannaheimilinu á Hallveigarstöðum 26. mars s.l. Stofnun sjóðsins er möguleg vegna stofnframlaga þeirra sem vilja halda nafni Önnu Kristínar Ólafsdóttur stjórnsýslufræðings á lofti og hafa staðið að söfnun í sjóðinn. Sjóðnum er ætlað að kosta rannsóknir viðurkenndra aðila á viðfangsefnum sem snerta konur, fíkn og áföll og að nýtast til fræðslustarfs og ráðstefnuhalds. Við þökkum Þórunni Sveinbjarnardóttur sérstaklega fyrir frumkvæði að stofnun sjóðsins.

Í september er fyrirhuguð ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð sem við bindum miklar vonir við að muni hafa ákvæð áhrif á þróun úrræða fyrir fólk með fíknivanda hér á landi. Til landsins koma erlendir sérfræðingar og verður Stephanie Covington höfundur bókarinnar „A Woman's Way through the Twelve Steps“, og frumkvöðull á sviði vinnu og rannsókna á konum og fíkn, aðalfyrirlesari ráðstefunnar.

Það er því áhugavert starfsár framundan hjá Róttinni.

F.h. ráðs Róttarinnar,



## Ráð Róttarinnar

Níu konur voru kosnar í ráð á aðalfundi 2014 og þrjár í vararáð. Ráðið 2014-2015 var skipað þannig: Árdís Þórðardóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, Gunnhildur Bragadóttir, Gunný Ísis Magnúsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir, Lára Sif Lárusdóttir og Þórlaug Sveinsdóttir.

Vararáð: Edda Arinbjarnardóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Líska Kristjánsdóttir.

Ráðið skipti svo með sér verkum og var Kristín I. Pálsdóttir valin í talskonuhlutverk, og er hún jafnframt ritari, en Gunný Ísis Magnúsdóttir gjaldkeri. Lára Sif sagði sig úr ráðinu í lok október vegna persónulegra aðstæðna.

Ráð félagsins hittist að jafnaði einu sinni í mánuði.

Í dag eru 273 konur skráðar í félagið og 1500 fylgja Róttinni á [Facebook](#).

## Starfsemin á árinu

### Umræðukvöld

Félagið hefur fylgt fast eftir því markmiði að halda úti öflugri umræðu um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. Við höfum, eins og á síðasta ári, notið velvilja húsráðenda á Hallveigarstöðum þar sem við höfum fengið inni endurgjaldslaut fyrir umræðukvöldin okkar og erum mjög þakklátar fyrir þann stuðning.

Umræðukvöldin á árinu hafa verið haldin mánaðarlega, fjögur fyrir jól og eftir áramót hafa umræðukvöldin verið fimm að meðtöldum stofnfundi fræðslusjóðs Rótarinnar og aðalfundinum með erindi Arnþrúðar Ingólfssdóttur.

Umræðukvöldin á árinu voru eftirfarandi:

## 2014

- √ 10. september – [Stefna ríkisins í meðferðarmálum](#). Þorgerður Ragnarsdóttir var fyrsti gestur haustsins og fjallaði um lokaritgerð sína í opinberri stjórnýslu um mótun hins opinbera á heildarstefnu uppbyggingar og reksturs meðferðarstofnana. Þorgerður ræddi um það hvernig slík stefna er mótuð og hvaða sjónarmið og hagsmunir ráða för.
- √ 8. október. [EMDR áfallameðferð](#) – Gyða Eyjólfssdóttir og Monika Skarphéðinsdóttir. Fjölsóttasti viðburður Rótarinnar á fyrsta starfsári var þegar Gyða Eyjólfssdóttir og Monika Skarphéðinsdóttir, sem báðar eru sálfræðingar, komu til okkar og fræddu okkur um svokallaða ACE-rannsókn (ACE Study) á áhrifum erfiðra upplifana í æsku á heilsufar síðar á ævinni. Þær komu svo aftur til okkar og í þetta sinn til að kynna fyrir okkur svokallaða EMDR áfallameðferð. Gyða er með doktorsgráðu í ráðgjafarsálfræði frá The University of Texas í Austin. Monika Skarphéðinsdóttir er sálfræðingur með cand. psych. gráðu frá Háskóla Íslands.
- √ 10. nóvember. [Hver er ÞINNAR gæfu smiður?](#) – Rætur vandans skoðaðar frá félagslegum, siðferðislegum og læknisfræðilegum sjónarhóli. Jóhann Ág. Sigurðsson prófessor í heimilislækningum flutti erindi. Málshátturinn „Hver er sinnar gæfu smiður“ er barn síns tíma. Hann nær of skammt miðað við núverandi þekkingu á helstu ákvörðunarþáttum heilbrigðis. Nær væri að breyta þessum málshætti í spurningu svo sem „Hver er þinnar gæfu smiður?“ Viðfangsefnið verður þá sem fyrr að skoða ábyrgð og þátt einstaklingsins í því að móta lífshlaup sitt, en jafnframt að spyrja þeirrar spurningar hvaða þættir það séu í umhverfi og samskiptum sem ráði miklu um heilsufar viðkomandi einstaklings.
- √ 10. desember. [Jólameningarkvöld Rótarinnar](#). Við fengum til okkar góða gesti sem glöddu okkur með góðum listum. Rithöfundarnir Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Steinar Bragi og Þórdís Gísladóttir lásu úr verkum sínum ásamt Iðunni Steinsdóttur sem las fyrir systur sína Kristínu Steinsdóttur. Einnig spilaði og söng Jökull Júlíusson söngvari hljómsveitarinnar Kaleo nokkur lög.

## 2015

- √ 21. janúar – [Þingmenn heimsækja Rótina](#). Helgi Hrafn Gunnarsson, Pírötum, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Framsóknarflokkki, Oddný Harðardóttir, Samfylkingu, Vilhjálmur Bjarnason, Sjálfstæðisflokkki, Róbert Marshall, Bjartri framtíð, Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri grænum, komu í heimsókn til Rótarinnar. Talskona félagsins, Kristín I. Pálsdóttir, flutti erindi og fulltrúar allra þingflokka fluttu stutta framsögu og svo voru almennar pallborðsumræður. Fundarstjóri var Margrét Marteinsdóttir.
- √ 18. febrúar – [Fíknigeðdeild geðsviðs, þjónusta er í boði og markhópur](#). Hjördís Björg Tryggvadóttir sálfræðingur og teymisstjóri á Teigi. Hjördíslauk BA prófi í sálfræði frá HÍ 1998. Eftir útskrift vann hún á svefnrannsóknastofu geðsviðs Landspítala, fyrst við rannsókn á svefni ofvirkra barna og svo fyrst og fremst við klínískar svefnrannsóknir. 2003 lauk hún Cand. Psych. námi við HÍ og hóf strax eftir útskrift að vinna á Teigi á geðsviði Landspítala. Þar var og er rekin eftirmeðferð fyrir fólk með áfengis og vímuefnavanda. Árið 2004 var ákveðið af yfirstjórn geðsviðs LSH að breyta meðferðarstefnu deildarinnar og þróa úrræði sem byggði á hugrænni atferlismeðferð og áhugahvetjandi samtali. Hjördís tók frá upphafi þátt í þeirri vinnu og tók síðar við verkefnastjórnastöðu sálfræðinga á deildinni og síðar teymisstjórn deildarinnar. Á umræðukvöldinu mun Hjördís segja frá fíknigeðdeild geðsviðs, hvaða þjónusta er í boði þar og hver er markhópur deildarinnar er. Aðal áherslan í erindinu var á innihald meðferðarinnar á Teigi og þær ástæður sem liggja til grundvallar þeirri meðferðarstefnu sem þar er.

- √ 26. mars – [Stofnfundur fræðslusjóðs Róttarinnar](#). Stofnun sjóðsins er möguleg vegna stofnframlaga þeirra sem vilja halda nafni **Önnu Kristínar Ólafsdóttur** stjórnsýslufræðings á lofti og hafa staðið að söfnun í sjóðinn. Anna Kristín lést aðeins 49 ára gömul vorið 2013. Hún var kvenfrelsiskona og alla tíð baráttukona fyrir bættri stöðu kvenna og barna. Fræðslusjóði Róttarinnar er ætlað, í samræmi við markmið félagsins, að kosta rannsóknir viðurkenndra aðila á viðfangsefnum sem snerta konur, fíkn og áföll og að nýtast til fræðslustarfs og ráðstefnuhalds. Á fundinum hélt **Pórunn Sveinbjarnardóttir** hvatamanneskja að stofnun sjóðsins erindi og Kristín I. Pálsdóttir talskona Róttarinnar flutti erindi um tilurð og markmið Róttarinnar.
- √ 8. apríl – [Al-Anon fjölskyldusamtökin og mótun nýrrar sjálfsmýndar](#). **Björk Guðjónsdóttir** vinnur að doktorsritgerð um Al-Anon-samtökin kom til okkar og sagði frá henni. Ritgerðin byggist á mannfraeðilegri, eigindlegri og femínískri rannsókn.
- √ 20. maí – [Aðalfundur og fyrirlestur Arnþrúðar Ingólfssdóttur](#). **Arnþrúður** er tónlistarkona og kynjafræðingur sem skrifað hefur áhugaverðar greinar um geðheilsu og nálgun lækna og heilbrigðiskerfisins á konum með geðrænan vanda. Erindi aðalfundar verður í höndum Arnþrúðar Ingólfssdóttur og nefnist: „„Það ýtir undir þunglyndi að vera lægra settur“. Orðræða geðlækna um konur, kyn og þunglyndi.“ Arnþrúður er með BA-próf í heimspeki og lauk MA-prófi í kynjafræði við Utrecht Háskóla og Central European University í Búdapest árið 2010 með ritgerðinni: „„Our brains are a bit more sensitive“, the biocultural potential in psychiatrists’ discourse on women, depression and sexual difference.“ Arnþrúður hefur reynslu af geðheilbrigðiskerfinu sem fræðikona en einnig sem bæði starfsmaður og notandi geðsviðs Landspítalans. Hún gaf út plötuna „My brain“ árið 2013 og starfar nú sem jafnréttisráðgjafi hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Í fyrirlestrinum mun Arnþrúður greina frá niðurstöðum MA-verkefnis síns þar sem hún tók viðtöl við fimm geðlækna á geðsviði Landspítalans og rannsakaði hvað þeir telji orsaka tvöfalt tíðara þunglyndi kvenna. Greining viðtalanna er sett í samhengi við ágríp af þróun geðlæknisfræðinnar á seinni hluta 20. aldar í átt að líffræðilegri nálgun á geðsjúkdóma. Einnig verður fjallað um nýlega strauma í femínískum kenningum sem leita í brunn þróunarsálfræðinnar um hugtök sem brúa bilið milli líffræðilegra og félags- og menningarlegra skýringa á geðsjúkdómum.

## Viðburðir og heimsóknir

- √ [Kvennaráðstefnan Nordiskt Forum](#) var haldin í Malmö í Svíþjóð dagana **12.-15. júní 2014**. Fulltrúi Róttarinnar þar var Kristín I. Pálsdóttir og hélt hún þar erindi störf og áherslur félagsins. Einnig notuðum við tækifærið til að komast í samband við konur sem eru að vinna að málefnum kvenna með fíknivanda en svo virðist sem að engin sambærileg félög séu starfandi á Norðurlöndunum og þó víðar væri leitað.
- √ **Barnavernd Reykjavíkur** bauð Róttinni í heimsókn til sín til að kynna sjónarmið félagsins varðandi börn og meðferð hinn **7. nóvember**. Fimm konur úr ráðinu mættu í heimsóknina sem var áhugaverð fyrir okkur og vonandi barnaverndarfólk líka.
- √ Þær Árdís, Guðrún Ebba og Kristín heimsóttu **umboðsmann barna 24. nóvember** til að koma okkar sjónarmiðum um veru barna á Vogu á framfæri. Lögð var áhersla á að stofnanir ríkisins bæru mikla ábyrgð á meðferðargeiranum og að bæta þyrfti vinnubrögð og gæðaviðmið þar ásamt því að koma af stað virku rannsóknarstarfi til að byggja meðferðina á.
- √ **Reykjavíkurborg** boðaði til hugarflugsfundar vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna **27. nóvember 2014** og mætti talskona á hann.
- √ Róttin heimsótti **allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis** hinn **2. desember** til að ræða frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak og afhenti eftirfarandi [athugasemdir sem nálgast má á vef Róttarinnar](#).
- √ Árdís, Guðrún Ebba og Kristín mættu á fund **starfshóps heilbrigðisráðherra um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum þeirra og**

samfélaginu í heild hinn 20. febrúar 2015. Framlag okkar til vinnu hópsins má finna [á vef Róttarinnar](#).

- ✓ **Jafnréttisstofa**, í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og önnur frjáls félagasamtök, boðaði til vinnufundar í tilefni af tuttugu ára afmæli Peking áætlunarinnar og mætti talskona á hann 21. febrúar 2015.

## Erindi

Róttin hefur sent frá sér nokkur erindi til yfirvalda á starfsárinu:

- ✓ Hinn 19. september 2014 sendi Róttin ítrekun á erindi sem upphaflega var sent til Embættis landlæknis í apríl 2013 um [öryggi kvenna í áfengismeðferð](#).
- ✓ Hinn 10. október 2014 var sent [erindi til embættis umboðsmanns barna um aðbúnað barna á sjúkrahúsinu Vogu](#). Í erindinu segir: „Róttin hefur áhyggjur af því að börn séu send til meðferðar á Vogu þar sem samgangur er við fullorðna. Í lögum nr. 74 frá árinu 1997 um réttindi sjúklunga segir í 27. gr: "Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi." Því spyrjum við, að gefnu tilefni, er það álit umboðsmanns barna að aðbúnaður barna á Sjúkrahúsinu Vogu uppfylli þessi skilyrði laganna?“ [Svar barst hinn 24. október](#).
- ✓ Hinn 22. október 2014 var sent erindi til Embættis landlæknis [um skráning atvika og önnur gæðamál í meðferðarstarfi](#). Tveim dögum síðar barst svar sem ekki hafði borist Róttinni áður en var dagsett í júní 2013.
- ✓ Hinn 26. október 2014 sendi Róttin [opið bréf til Embættis landlæknis vegna öryggis kvenna í meðferð](#). [Frétt um bréfið birtist m.a. í DV](#). Róttin hefur ekki fengið viðbrögð við bréfinu.
- ✓ Róttin sendi allsherjar- og menntamálanefnd [athugasemdir um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak](#) 2. desember 2014. Félagið tekur eindregna afstöðu gegn frumvarpinu.
- ✓ Hinn 17. desember sendi Róttin [erindi til úrskurðarnefndarum upplýsingamála](#) vegna neitunar Embættis landlæknis um að afhenda Róttinni upplýsingar um fjölda skráðra atvika og kvartana á meðferðarstöðvum. Erindið er enn í vinnslu hjá nefndinni.

## Verkefni

Róttin hefur áhuga á að koma að verkefnum sem bæta stöðu kvenna með fíknivanda og eru þrjú verkefni í gangi:

- ✓ **Ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð** sem haldin verður 1.-2. september á Grand hótél í samstarfi við RÍKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við HÍ (<https://rikk.hi.is>) sem sér um framkvæmd ráðstefnunnar, Jafnréttisstofu (<http://jafnretti.is>), Rannsóknarstofnun um áfengi og vímuefni við Stokkhólmsháskóla (<http://www.sorad.su.se/english>), Heilbrigðisráðuneyti Grænlands, Rannsóknarstofnun um samfélag, efnahag og fjölmiðlun við Háskólann á Grænlandi, Reykjavíkurborg og ReykjavíkurAkademíuna. Tilgangur ráðstefnunnar er að auka skilning og þekkingu á kynjafræðilegu sjónarhorni á fíkn, áföll og meðferð og á nauðsyn kynjamiðaðrar meðferðar. Ráðstefnan mun einnig koma á samvinnu norræna fræðimanna og fagfólks sem beinir sjónum að sálfélagslegum raunveruleika kvenna og áfallareynslu þeirra í tengslum við fíkn og meðferð. Fyrirlesarar á ráðstefnunni verða.
  - **Dr. Stephanie S. Covington** er starfandi sálfræðingur, rithöfundur, ráðgjafi opinberra aðila og stofnana og fyrirlesari. Hún er frumkvöðull í rannsóknum og meðferð kvenna að því er varðar fíkn og bata frá henni.
  - **Dr. Berglind Guðmundsdóttir** er dósent í sálfræði við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirsálfræðingur Landspítala – Háskólasjúkrahúsi. Berglind sérhæfði sig í kvíðaröskunum

og áhrifum áfalla. Berglind er virkur þátttakandi í rannsóknum og alþjóðlegri rannsóknarsamvinnu.

- **Dr. Johan Edman** er dósent í sögu og gegnir stöðu forstöðumanns við Rannsóknarstofnun um félagslegar rannsóknir um áfengi og fíkniefni við Stokkhólmsháskóla. Rannsóknir Johans hafa snúist um félagslega útskýfun og jaðarsetningu og hlutverk fíknimeðferðar í sænska velferðarríkinu.
  - **MarieKathrine Poppel** er MA í félagsráðgjöf og aðjúnkt við félagsráðgjafadeild háskólans á Grænlandi í Nuuk. MarieKathrine beinir rannsóknum sínum að heimilisofbeldi – ofbeldi karla gegn konum, kynferði og jafnrétti.
- ✓ Útgáfa bæklinga með leiðbeiningum um hvernig best er að umgangast fjölmiðla þegar áföll dýnja yfir. Áætluð útkoma bæklinga er í byrjun júní.
- ✓ **Stuðningur við ungar mæður** sem glímt hafa við fíknivanda í samstarfi og undir handleiðslu FMB-teymis Landspítala.

## Styrkir

Á síðasta starfsári fékk Róttin eftirfarandi styrki og viðurkenningar:

- ✓ [Sorpa veitti Róttinni styrk](#) upp á 300.000 kr. hinn **10. október 2014** til útgáfumála.
- ✓ „[Þessi fengu réttlætisviðurkenningu Stígamóta](#)“ segir í DV **21. nóvember** þar sem kemur fram að Róttinni er veitt viðurkenning.
- ✓ Þann 16. maí 2015 var Róttinni veittur [styrkur frá mannréttindaráði Reykjavíkur](#) að upphæð 250.000 kr. vegna ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð.
- ✓ Róttin var [tilnefnd til aðalverðlauna Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins](#) sem afhent voru fimmtudaginn, 19. mars 2014. Stígamót hlutu svo verðlaunin og eiga þau svo sannarlega skilið!
- ✓ [Natan Kolbeinsson hjóp fyrir Róttina í Reykjavíkumaraþoni](#) hinn 23. ágúst 2014 og safnaði áheitum fyrir Róttina. Við kunnum honum bestu þakkir fyrir stuðninginn.
- ✓ „[Tveir fengu styrk](#)“. Frétt á vefsíðu Minningarsjóðs Sigrúnar Mjallar, **22. desember 2014**, sem veitti Róttinni 200.000 kr. styrk sem skal notaður í þágu ungra kvenna með fíknivanda.

## Greinar og fréttir

Greinar eftir okkur Róttarkonur hafa birst í fjölmiðlum og við höfum farið í viðtöl til að kynna málstaðinn. Greinarnar má flestar nálgast á heimasíðu félagsins þó að þær hafi flestar birst í öðrum miðlum upphaflega. Við höldum líka úti lifandi Facebook-síðu þar sem við setjum inn áhugavert efni sem tengist okkar málefnum og erum með 1500 fylgjendur þar:

### Greinar

- ✓ „[Fylgni fíknar og áfallasögu](#)“ birtist í Fréttablaðinu og á Vísir.is 11. júlí 2014.
- ✓ „[Þau sendu mig á Vog, þrettán ára gamla](#)“ birtist í Fréttablaðinu og á Vísir.is 16. október 2014.
- ✓ „[Endurkoma hysteríunnar](#)“ birtist í Fréttablaðinu og á Vísir.is 26. janúar 2015.
- ✓ „[Af hagsmunum og „aumingjum“](#)“ birtist í Fréttablaðinu og á Vísir.is 5. febrúar 2015.
- ✓ „[Auðveldara að gefa konum lyf](#)“ birtist í Fréttablaðinu og á Vísir.is 14. maí 2015.

### Þýddar greinar

- ✓ „[Sex atriði sem gott er að vita um kynferðisofbeldi og fyrirgefningu](#)“. Þýdd grein eftir John Shore, birt 13. september 2014 á síðu Róttarinnar.

- √ „[Purfa konur sérmeðferð við áfengis- eða fíknivanda?](#)“ Þýdd grein eftir Tom Horvarth Phd., ABPP, stofnandi Practical Recovery í Bandaríkjunum, birt 26. september 2014 á síðu Róttarinnar.

### Róttin í fréttum

- √ „[Segja bréf frá Landlækni vekja fleiri spurningar en svör](#)“ er yfirskrift fréttar í DV þar sem segir: „Róttin - félag um málefni kvenna með áfengis og fíknivanda hefur sent embætti landlæknis [opið bréf](#) þar sem lýst er miklum vonbrigðum. Ástæðan eru viðbrögð embættisins við bön samtakanna frá því í apríl 2013 um að tryggja öryggi kvenna í áfengismeðferð. Í tilkynningu frá Róttinni segir að samtökunum hafi ekki borist svarbréfið frá embættinu fyrr en í síðustu viku. Þrátt fyrir að það sé dagsett **20. júní 2013.**“
- √ „[Síðblindir menn sækja í berskjaldaðar konur](#)“. Í Fréttablaðinu **4. október 2014** var umfjöllun um hvernig karlar misnota sér þá viðkvæmu stöðu sem konur, ekki síst ungar stúlkur, sem eru í neyslu geta komist í. Talskona Róttarinnar var í viðtali.
- √ „[Spyr umboðsmann um börn á Vogu](#)“ segir í yfirskrift fréttar á Mbl.is hinn **11. október 2014**.
- √ „[Vogur henti ekki unglingum](#)“ er fyrrsögn fréttar hjá RÚV hinn **12. október 2014**.
- √ „[Formaður SÁÁ: Athugasemdir og aðdróttarnir Guðrúnar Ebbu gengu of langt](#)“ segir í frétt á Vísir.is hinn **13. október 2014**.
- √ „[Óþarfi að vega persónulega að mér, þetta snýst um hagsmuni barna og unglunga](#)“ var yfirskrift fréttar á Pressunni hinn **13. október 2014**.
- √ „[Formaður SÁÁ tjáir sig ekki](#)“ segir í frétt um erindi Róttarinnar til umboðsmanns barna á vef RÚV **13. október 2014**.
- √ „[Segir dæmi um að fullorðnir nýti sér neyð unglunga á Vogu](#)“ segir í frétt á Vísir.is hinn 16. október 2014.
- √ „[Formaður SÁÁ: Í fullkomnum heimi myndum við glöð byggja hátækni sjúkrahús fyrir börn](#)“ var yfirskrift fréttar í DV **16. október 2014**.
- √ „[Spurt um menntun áfengisráðgjafa](#)“ er frétt á vefmiðlinum Akureyri.is hinn **18. október 2014**.
- √ Í [fréttum RÚV sunnudaginn 27. október kl. 16](#), var fjallað um erindi Róttarinnar til Landlæknis vegna öryggis kvenna á meðferðarstöðvum.
- √ „[Hefur ekki áhyggjur af aðbúnaði barna](#)“ er frétt um viðbrögð umboðsmanns barna við erindi Róttarinnar á RÚV **29. október 2014**.
- √ „[Engin sérstök meðferðarúrræði fyrir konur](#)“ er yfirskrift greinar þar sem rætt er við talskonu Róttarinnar í Fréttatímanum **31. október 2014**.
- √ „Róttin, félag um málefni kvenna með áfengis og fíknivanda hefur gagnrýnt SÁÁ og segir Vog ekki vera heppilegan stað fyrir börn og unglunga undir 18 ára aldri. Þrjár ungar konur, fyrrverandi fíklar sem hafa reynslu af meðferðarúrræðinu, taka undir þessa gagnrýni og segja nauðsynlegt að koma á aldurs og kynjaskiptingu í vímuefna meðferðum,“ sagði í [frétt á Eyjuni hinn 16. nóvember 2014](#) þar sem m.a. var rætt við talskonu Róttarinnar.
- √ „[Stöðug sjálfsrannsókn nauðsynleg fyrir SÁÁ](#)“ er fyrrsögn á frétt þar sem formaður SÁÁ bregst við gagnrýni Róttarinnar á Vísir.is **21. nóvember 2014**.
- √ „[Róttin telur meðferðarkerfið vera úreitt að mörgu leyti](#)“ er yfirskrift fréttar á Vísir.is 26. janúar 2015.
- √ Í þættinum [Kvennaráð á sjónvarpsstöðinni Hringbraut](#) hinn **17. apríl 2015** var neysla kvenna á geðlyfjum og róandi ávanalyfjum til umræðu með þátttöku talskonu Róttarinnar.



## Áherslur og baráttumál

Róttin var stofnuð sem vettvangur fyrir konur til að þrýsta á um bættu þekkingu á fíknivanda og meðferð við honum. Ástæðan var ekki síst sú staðreynd að mjög hátt hlutfall kvenna, sem glíma við þennan vanda, hefur verið beitt ofbeldi, orðið fyrir áföllum eða á við geðrænan vanda að stríða samhliða fíkninni. Við teljum nauðsynlegt að komið verði á fót greiningarmiðstöð þar sem vandi einstaklinga er greindur á heildstæðan hátt svo hægt sé að haga meðferðinni í samræmi við þarfir hvers og eins. Hluti af því er að bjóða upp á sérstaka kynjaskipta meðferð. Róttin hefur áhyggjur af því að stærsti meðferðaraðilinn hér á landi hafni kenningum um áhrif áfalla og annarra raskana á þróun fíknivanda.<sup>1</sup>

Rannsóknir á áhrifum áfalla á heilsufar hafa á undanförunum árum haft mikil áhrif á þekkingu á fíkn. Aukin þekking á þróun fíknar í tengslum við ofbeldis- og áfallasögu og tölur um fjölda þeirra sem koma til meðferðar og eiga sér sögu um að hafa verið beittir ofbeldi er líka hrópanði vísbending um þessi tengsl. Þessi þekking hefur grafið undan heimsyfirráðum sjúkdómismóðelsins um fíkn sem ekki stendur á sterkum fræðilegum grunni og er ekki það skýringarmódel sem Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunin notast við.

Róttin hallast mjög að skýringum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um ástæður fíknivanda. Stofnunin skýrir vanlíðan kvenna sem leiðast út í neyslu ávanabindandi efna með sálfélagsglegum rökum og tengslum á milli heilbrigðisvanda kvenna og „kynhlutverka, streitvalda og neikvæðra upplifana og atvika“. Kynbundnir áhættuþættir geðraskana sem algengar eru hjá konum eru samkvæmt AHS: „kynbundið ofbeldi, óhagstæð félagsleg skilyrði, lágur tekjur og tekjumisrétti, undirskipun í félagslegu tilliti og stéttarstöðu og stöðug ábyrgð á umönnun annarra.“

„Hvernig á þá að skilja fíkn? Við erum líkamlegar verur sem hrærumst í tilteknu félagslegu umhverfi sem er flókið. Skilningur á fíkn verður að vera breiður; fíkn getur verið möguleg afleiðing mannlegrar löngunar til að breyta meðvitund; alvarlegur heilsufarsvandi vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem hún hefur á samfélagið og eyðileggjandi afleiðinga fíknarinnar; krónísk lífsálfélagsgleg röskun sem tekur sig endurtekið upp og ekki er hægt að skilja án hins félagslega samhengis – en ekki einfaldlega heilasjúkdómur.“

Svo segir í grein í American Journal of Bioethics Neuroscience í júlí 2013 þar sem farið er yfir helstu gagnrýni á kenninguna um fíkn sem heilasjúkdómur, „Addiction: Current Criticism of the Brain Disease Paradigm“. Það að fíkn sé heilasjúkdómur er nefnilega umdeild kenning en ekki staðreynd. Enginn efast um að langvarandi neysla fíkniefna valdi sjúkdómum en það skiptir máli við meðferð hvort fíknivandi er skoðaður sem meðfæddur vandi eða flókinn lífsálfélagsgleg röskun – eins og segir í tilvitnuninni hér að ofan.

### Valdeflandi meðferð og gæðaviðmið

Lykilhugtakið í okkar starfi er valdefling og ekki að ástæðulausu. Meðferð þarf að taka mið af fjölþættum vanda og sögu kvenna. Það þarf að hlusta á þær og taka mark á orðum þeirra. Hefðbundin meðferð sem ekki tekur þetta til greina getur aukið á vanda kvenna (*e. retraumatisation*). Það er þyngra en tárur taki hve margar konur hafa ekki fundið leið til bata með þeim aðferðum sem nú eru í boði og allt of margar ekki séð aðra leið en að svipta sig lífi.

Meðferð sem gerir ráð fyrir því að sjúklingurinn horfi þröngum augum á fíknina án þess að skoða heildarmyndina, þar sem ætlast er til að hann gefi frá sér allt persónulegt vald og setji allt sitt traust á æðri mátt, hvort sem það er guð, hópurrinn eða læknirinn, er ekki í samræmi við ferskustu strauma innan heilbrigðisvísindanna þar sem valdeflingu sjúklinga er gert hátt undir höfði.

<sup>1</sup> Sjá t.d. greinar á Knúz.is eftir Kristínu I. Pálsdóttur talskonu Rótarinnar og Höllu Sverrisdóttur, Harkaðu af þér! I og II. Vefslóðir: <http://knuz.is/2013/11/21/harkadu-af-ther-fyrri-hluti/> og <http://knuz.is/2013/11/22/harkadu-af-ther-seinni-hluti/>.

Brýnt er að sérstök greiningar- og innlagnarmiðstöð sé sett á laggirnar og sjái um greiningu þeirra sem glíma við m.a. við fíknivanda. Val á úrræði taki þá einungis til þarfa hins sjúka en ekki til hagsmuna rekstraraðila eins og hætta er á eins og unnið er nú.

Það hlýtur líka að vera markmið að grípa fyrr inni ferlið og aukin þekking og skimun á neysluvanda í heilsugæslunni er ein leið. Þar væri einnig hægt að taka á vanda þeirra sem stefna í vanda en þurfa ekki á miklu inngrípi að halda.

Setja ætti fram gæðamiðvið fyrir meðferð og víða er fyrirmynda að leita hvað það varðar t.d. hafa heilbrigðisyfirvöld í Kanada gert ítarlegar leiðbeiningar fyrir meðferð kvenna.<sup>2</sup> Bandarísk heilbrigðisyfirvöld eru með leiðbeiningar um meðferð sem byggir á gagnreyndri þekkingu<sup>3</sup>, og um áfallameðvitaðar (e. *trauma informed*) aðferðir í fíknimeðferð fyrir konur.<sup>4</sup>

Talsvert ber enn á því innan meðferðarkerfisins að byggt sé á kreddum og trúarsetningum en ekki á vísindalegum grunni. Það hlýtur að vera krafa ríkisins að þau meðferðarúrræði sem það styrkir byggji á gagnreyndri þekkingu. Fíknivandi er flókinn vandi sem enn er takmörkuð þekking á og því gengur ekki að festa sig í lítt breytanlegum kennisetningum.

Undirstaða góðrar meðferðar hlýtur að vera menntun og reynsla þeirra sem vinna við meðferð. Róttin hefur lýst áhyggjum af því að áfengis- og vímuefnaráðgjafar sem enga akademíska menntun hafa beri jafn mikla ábyrgð á meðferð og raun ber vitni. Höfum við sent velferðarráðherra erindi af þessu tilefni og skrifað um það greinar.<sup>5</sup>

## Skráning atvika

Róttin hefur sóst eftir upplýsingum um gæðamál á meðferðarstöðvum hjá Embætti landlæknis en ekki fengið fullnægjandi svör. Því brugðum við á það ráð að kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og bíðum svars erindis okkar þar.

Ástæða þess að Róttin er að grafast fyrir um fjölda atvika á meðferðarstöðvum er sú að við höfum áhyggjur af gæðaeftirliti þar. Ef það er rétt að fá atvik séu skráð og engar kvartanir hafi borist, eins og kemur fram í svari Embættis landlæknis, er það ekki í samræmi við okkar upplýsingar og gefur þá ástæðu til að ætla að um vanskráningu sé að ræða.

Til okkar leita reglulega konur sem telja sig hafa orðið fyrir „atvikum“ inni í meðferðarkerfinu. Við bendum þeim alltaf á að best sé að leita með slík mál til landlæknis. Margir þeirra sem þurfa mest á þjónustu meðferðarstöðva að halda treysta sér því miður ekki oft til að hefja slíkt ferli.

Tilgangur okkar er einnig að komast að því hvað er flokkað sem atvik inni á meðferðarstöðvum. Er það t.d. atvik þegar fólki er vísað úr meðferð? Hver er helsta ástæða brottvísana úr meðferð? Eru ákveðnar reglur þar að lútandi? Er það atvik þegar sjúklingar verða fyrir áreiti annarra sjúklinga í meðferðinni og hvernig er það skráð?

## Hagsmunir barna og ungmenna

Róttin hefur áhyggjur af því að börn séu send til meðferðar á Vogu þar sem samgangur er við fullorðna og því beindum við eftirfarandi spurningu til umboðsmanns barna: Í lögum nr. 74 frá árinu 1997 um

<sup>2</sup> Ministry of Health and Long Term Care, Kanada. „Best practices in Action: Guidelines and Criteria for Women’s Substance Abuse Treatment Services.“ Vefslóð: <http://jeantweed.com/wp-content/themes/JTC/pdfs/Best%20Practice-English.pdf>.

<sup>3</sup> National Quality Forum. 2005. Evidence-Based Treatment Practices for Substance Use Disorders. Vefslóð: <http://www.apa.org/divisions/div50/doc/Evidence-Based-Treatment-Practices-for-Substance-Use-Disorders.pdf>.

<sup>4</sup> The Jean Tweed Center. 2013. Trauma Matters Guidelines for Trauma-Informed Practices in Women’s Substance Use Services. Vefslóð: <http://jeantweed.com/wp-content/themes/JTC/pdfs/Trauma%20Matters%20Online%20version%20August%202013.pdf>.

<sup>5</sup> Róttin – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. 2014. „Menntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa.“ Vefslóð: <http://www.rotin.is/menntun-afengis-og-vimuefnaradgjafa>. Sjá einnig: „Staðreyndir um menntun áfengis- og fíkniráðgjafa“, vefslóð: <http://www.visir.is/stadreyndir-um-menntun-afengis-og-fikniradgjafa/article/2014702149991> og „Reynsla eða þekking? Fleiri staðreyndir um ráðgjafanám“, vefslóð: <http://www.visir.is/article/2014703289995e>.

réttindi sjúklinga segir í 27. gr: „Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.“ Því spyrjum við, að gefnu tilefni, er það álit umboðsmanns barna að aðbúnaður barna á Sjúkrahúsinu Vogu uppfylli þessi skilyrði laganna?

Svar umboðsmanns var því miður á þá lund að embættið hefði ekki áhyggjur af börnum í meðferð innan um fullorðna.

Samband áfalla og vímuefnaneyslu hefur á síðari árum orðið ljósara og talið er að unglingar sem fara út í neyslu hafi í allt að 76% tilfella<sup>6</sup> orðið fyrir áfalli og allt að 95%<sup>7</sup> séu með annan undirliggjandi vanda sem stuðli að því að þau hefji neyslu. Þá er nauðsynlegt að meðferð unglunga byggist á nýjustu þekkingu en hún lítur öðrum lögmálum en meðferð fullorðinna, 12 spora nálgun hentar ungmönnum t.d. ekki vel og er reyndar almennt ofmetin.

Við ljúkum þessu með því að vitna í orð Jeffrey Foote<sup>8</sup> sem er doktor í sálfræði og mikilsvirtur fíknisérfræðingur í Bandaríkjunum um ástand starfsmannamála í meðferðargeiranum:

„In few other fields do we place some of the most difficult and complicated patients in the health-care system with some of the least trained folk among us.“<sup>9</sup>

---

<sup>6</sup> The National Child Traumatic Stress Network. 2008. „Understanding the Links Between Adolescent Trauma and Substance Abuse.“ Vefslóð: [http://www.nctsnet.org/nctsn\\_assets/pdfs/SAToolkit\\_ProviderGuide.pdf](http://www.nctsnet.org/nctsn_assets/pdfs/SAToolkit_ProviderGuide.pdf).

<sup>7</sup> Fletcher, Anne M. 2013. *Inside Rehab. The Surprising Truth About Addiction Treatment and How to Get Help That Works*. Penguin Books, New York.

<sup>8</sup> „Dr. Foote is a nationally recognized clinical research scientist who has received extensive federal grant funding for his work on motivational treatment approaches. Dr. Foote has worked in the addiction treatment field as a clinician and researcher since the late 1980's, and has developed a unique motivational treatment approach that incorporates principles of group treatment as well as research-based principles of human behavior change. Previously, Dr. Foote was the Deputy Director of the Division of Alcohol Treatment and Research at Mt. Sinai Medical Center in NYC, as well as a Senior Research Associate at The National Center on Addiction and Substance Abuse at Columbia University (CASA) in NYC. Dr. Foote also served as Chief of the Smithers Addiction Treatment and Research Center as well as Director of Evaluation and Research between 1994 and 2001. Dr. Foote was also team Psychologist for the New York Mets.“ Vefslóð: <http://motivationandchange.com/about-cmc/directors/>.

<sup>9</sup> Fletcher, Anne M. 2013. *Inside Rehab. The Surprising Truth About Addiction Treatment and How to Get Help That Works*. Penguin Books, New York, bls. 390.